

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars í máli nr. S-193/2007:**

### **Ákærvaldið**

*(Einar Laxnes fulltrúi)*

**gegn**

**Péttri Inga Halldórssyni**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 13. febrúar 2007 á hendur Péttri Inga Halldórssyni, kt. 000000-0000, Hraunbergi 11, Reykjavík, fyrir þjófnað, með því að hafa laugardaginn 30. september 2006 í versluninni Útilíf, Kringlunni 6-12, Reykjavík, stolið Adidas bol að verðmæti kr. 2.990.

Þetta er talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar

Farið var með mál þetta samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur skýlaust jatað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæðis í ákæru.

Ákærði er fæddur í febrúar 1981. Hann á að baki nokkurn sakaferil allt frá árinu 1998. Hefur hann á því tímabili sex sinnum verið dæmdur fyrir þjófnað og í eitt skipti fyrir tilraun til þjófnaðar. Síðast hlaut hann dóm fyrir þjófnað 23. júlí 2004 en þá var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, húsbrot og fikniefnabrot. Síðan þá hefur hann í þrígang verið fundinn sekur um vörslu fikniefna, síðast með dómi Héraðsdóms Reykjaness 17. október 2005. Ákærði hefur lýst því fyrir

dóminum að hann sé nú í fastri vinnu og hafi að mestu haldið sig frá neyslu  
fíkniefna um nokkurt skeið. Þegar til þessa er litið þykir refsing ákærða hæfilega  
ákveðin fangelsi í 30 daga.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, Pétur Ingi Halldórsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ásgeir Magnússon.